

# Skólastefna Síðuskóla



Unnið vor 2024

# Skólafest Síðuskóla

---

Skólafest Síðuskóla er í anda Menntafestu Akureyrarbæjar.

Í Síðuskóla er markmið okkar að allir fái tækifæri til að afla sér þekkingar, leikni og hæfni eftir fjölbreyttum leiðum. Skólafesti þarf að haga í fyllsta samræmi við getu og þarfir hvers og eins, með gleði og vellíðan að leiðarljósi. Í Síðuskóla er lögð áhersla á að skapa uppbyggjandi og öruggar aðstæður fyrir nemendur og starfsfólk.



# Einkunnarorð Síðuskóla



Ábyrgð - Virðing - Vinátta

# Ábyrgð

---

Í Síðuskóla sýnum við ábyrgð með því að gera alltaf okkar besta og leggja okkur fram í leik og námi.





# Virðing

---

Í Síðuskóla sýnum við virðingu með því að vera kurteis og koma vel fram við alla í orði og verki. Við virðum okkur sjálf, aðra og umhverfið.

# Vinátta

---

Í Síðuskóla sýnum við vináttu með því að hugsa vel hvert um annað, taka þátt í því sem fram fer og gæta þess að enginn sé einmana.





# SMT - jákvæð skólafærni

---

- Í hverjum grunnskóla skal setja skólareglur.
- Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð, réttindi og skyldur.
- Í reglunum skal koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.

Hér má lesa meira um SMT.

# Grænfánaskóli

---

Markmið Síðuskóla er að efla þekkingu, skilning og virðingu fyrir umhverfi og náttúru.

Skólinn fylgir sjö skrefum Grænfánaverkefnis Landverndar og byggja umhverfisreglur skólans á þeim.

Grænfánaverkefni Síðuskóla.







# Sérdeild Síðuskóla

---

Sérdeildin er fyrir nemendur með einhverfu. Þar að auki þurfa nemendur að hafa önnur frávík s.s. þroskaskerðingu og/eða hegðunar-erfiðleika.

Einnig hefur deildin ráðgefandi hlutverk vegna einhverfra barna í öðrum grunnskólum á Akureyri.

# Umhverfissáttmáli Síðuskóla



# Við nemendur og starfsmenn Síðuskóla

- berum virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi okkar og sýnum það í verki
- nýtum alla hluti vel og spörum
- flokkum, endurvinnum og forðumst notkun einnota umbúða
- sóum ekki mat
- drögum úr mengun og notum umhverfisvænar vörur og samgöngumáta
- lærum að þekkja áttaha okkar, nánasta umhverfi sem og perlur í íslenskri náttúru
- umgöngumst jörðina í anda sjálfbærrar þróunar

# ÍSAT

## íslenska sem annað tungumál

---

- Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólar skulu taka á móti nýjum erlendum nemendum samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags.
- Lögð er áhersla á að nemendur fái tækifæri til að ræða uppruna sinn, menningu og tungumál.
- Í Síðuskóla er verkefnastjóri fyrir ÍSAT nemendur.
- Rík áhersla er lögð á að mikil samvinna sé á milli starfsfólks til að árangur í námi og kennslu verði sem mestur.
- ÍSAT grunnskólar á Akureyri - kynningarmyndband um grunnskólana á Akureyri



# Fjölbreyttir starfshættir

- Lögð er áhersla á fjölbreytta starfshætti í öllum árgöngum.
- Teymisvinna er höfð að leiðarljósi í skólanum þar sem starfsfólk er samábyrgt fyrir málefnum og kennslu árgangsins.
- Á yngsta stigi er unnið samkvæmt hugmyndafræði Byrjendalæsis og Neista stærðfræði.
- Unnið er með blandaðar smiðjur og val á mið-og unglingsstigi þar sem lögð er áhersla á samþættingu námsgreina.
- Lögð er áhersla á heilsuvitund nemenda og starfsfólks og hvatt til reglubundinnar hreyfingar. Skólinn tekur þátt í verkefnum s.s. *Göngum í skólann*, *Olympíuhlaupi ÍSÍ*, *Hjólað í vinnuna* og *Lífshlaupinu*.



# FORELDRASAMSTARF

Við skólann er starfandi foreldra- og kennarafélag, FOKS.

Félagar eru foreldrar/forráðamenn nemenda og kennarar.

Hlutverk félagsins er

- Að styðja við skólastarfið
- Stuðla að velferð nemenda skólans
- Efla tengsl heimilis og skóla
- Hvetja til virkrar þátttöku foreldra í skólastarfi
- Hagsmunagæsla, aðhald og eftirlit með skólastarfinu

# Skólaráð

Í Síðuskóla starfar skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald.

Í skólaráði sitja auk skólastjóra, deildarstjórar, þrjár fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans og tveir fulltrúar nemenda úr nemendaráði skólans.

Skólaráð heldur að meðaltali sjö fundi yfir skólaárið.





# Links

---

This page is ideal for linking to websites and other resources that students will find helpful.

**Link name**

Brief link description

**Link name**

Brief link description

**Link name**

Brief link description